

Mánudaginn 8. mars 1993.

Nr. 112/1991. **Stálskip hf.**

gegn

protabúi Hraðfrystihúss

Patreksfjarðar hf.

Frestur. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. mars 1991. Áfrýjað er dómi bæjarþings Hafnarfjarðar 18. desember 1990. Málið var þingfest í Hæstarétti 8. apríl 1991, og fékk áfrýjandi þá frest til október 1991. Hefur hann síðan fengið frest á málinu tíu sinnum, síðast til reglulegs þingdags 1. mars sl. Er málið kom fyrir þann dag, óskaði áfrýjandi enn eftir fresti til aprílmánaðar.

Af hálfu stefnda hefur frestbeiðninni verið mótmælt og þess krafist, að málinu verði vísað frá Hæstarétti. Þá hefur og verið krafist málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur enga skýringu á því gefið, af hverju frestur sá, sem hann hefur haft til að búa mál sitt til flutnings fyrir Hæstarétti, hefur ekki nýst honum. Við svo búið þykir ekki fært að veita áfrýjanda frekari frest í málinu. Ber því að vísa því frá Hæstarétti og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Stálskip hf., greiði stefnda, protabúi Hraðfrystihúss Patreksfjarðar hf., 30.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.